

# **Formannafundur UMSB haldinn í félagsheimilinu í Brautartungu 6. júní 2017 kl 20.00**

## ***Dagskrá:***

### ***1. farið yfir starf félaga og deilda innan UMSB.***

Sambandsstjóri Sólrún Halla setti fundinn og bað fundarmenn að kynna sig og hvað þeirra félög eru að sýsla.

23 fundargestir voru og flest félög á fullri ferð að undirbúa sumarið með ýmsum hætti. Skipulag íþróttæfinga bar hæst en dansleikir, 17. júní hátíðahöld, fjórðungsmót og frágangur eftir leikrit komu líka upp á borðið. Einhverjar deildir glíma við stjórnarkreppu en ný stjórn sunddeildarinnar í Borgarnesi er að komast á koppinn en badmintondeildin stendur og fellur með Siggju Bjarna sem er orðin þreytt á ástandinu.

### **2. Þinggerð sambandsþings frá 11.mars 2017**

Lögð fram til umræðu og samþykktar.

Engar umræður voru um þinggerðina og hún því samþykkt athugasemdalaust.

### **3. Kynning á fyrirhuguðum reglugerðarbreytingum varðandi kjör íþróttamanns Borgarfjarðar og Afreksmannasjóðs UMSB.**

Reglugerð fyrir kjör íþróttamanns Borgarfjarðar. (fskj 1)

Pálmi kynnti breytingar sem UMSB og Gunnlaugur Júlíusson f.h. Borgarbyggðar leggja til.

Reglugerð fyrir Afreksmannasjóð UMSB. ( fskj 2 )

Pálmi kynnti þá breytingu sem lögð er til og talin er til bóta.

Umræður urðu engar um þessar breytingartillögur og verða þær því lagðar fyrir haustfund formanna eins og þær voru kynntar fyrir þennan fund.

### **4. Skipun 5 manna uppstillinganefndar fyrir sambandsþing 2018 sbr tillögu sem samþykkt var á sambandsþingi 11 maí sl.**

Þá þarf að kjósa sambandsstjóra, varasambandsstjóra, gjaldkera og varagjaldkera.

Dansíþróttafélagið leggur til 1 í nefndina,

Umf Íslendingur 1 ,

Körfuknattl. deildin býður Pál Brynjarsson í nefndina,

Umf. Stafholtstungna býður Agnesi Guðmundsdóttur fram ,

Skotfélag Vesturlands leggur til 1 fulltrúa.

Nöfn sem vantar í þessa nefnd þurfa að koma mjög fljótlega frá viðk. félögum .

## **5, Kynning frá Skotfélagi Vesturlands á fyrirhuguðu skotsvæði.**

### **Þórður og Stefán.**

Þeir félagar sýndu kort af fyrirhuguðu skotsvæði við Bjarnhóla og hvað væri helst í nágrenninu sem taka þyrfti tillit til.

Þeir töldu miklu af rangfærslum og neikvæðni væri borið á borð fyrir fólk en allar mælingar og lögfræðialit og hvaðeina væri þeirra megin.

Fólk vissi lítið um hvað væri að tefla og kynnti sér ekki málið sem skyldi.

Sveitarstjórn og stjórnvöld væru búin að vera með þetta mál á sínum borðum í 10 - 15 ár og þyrðu engan veginn að taka ákvörðun. Einhverntíman mótmæltu 58 manns og því væri veifað eins og meirihluti íbúa hefðu mótmælt.

Íbúakosning væri næsta hálmstrá en enginn vissi hvernig ætti að gera slíkt og hvað það myndi kosta en hugsanlega hægt að vinna tíma með þeirri ákvörðun. Mjög góðar umræður urðu um þessi mál og fólk fróðleiksfúst.

Skuggi hefur unnið ágætlega með þeim í þessu og styður þá og eftir því sem þeir vissu best væri Skógræktarfélagið ekki andsnúið þessu heldur.

Alla jafna væri meiri hávaði af þjóðveginum en mældum hávaða af skotsvæðinu.

Þeir félagar svöruðu spurningum um reglur skotfélaga og allskonar efni varðandi skotfélög og æfingasvæði þeirra.

Fundarmenn voru almennt undrandi á seinagangi málsins hjá sveitarfélaginu og bentu á að Motosportfélagið væri í sömu sporum hvað varðar íþrótt og æfingaaðstöðu.

Samþykkt var ályktun sem beint var til sveitarstjórnar ( Fskj 3 ), og ákveðið að framkvæmdastjóri UMSB myndi skrifa grein sem lýsir eðli og starfsemi félaganna sem íþróttafélaga með faglega umgjörð til birtingar á netinu og í Skessuhorni.

## **6. Aðildarfélögin okkar, stjórnir og starfsemi.**

Vangaveltur og umræður um af hverju illa gengur að manna stjórnir.

Verið er að berjast um sama fólk, fjáraflanir taka allan tíma fólks, börnin taka æ minni þátt í allskonar sölumennsku og fjáröflunum.

Börnum hefur fækkað og þ.a.l. foreldrum.

Það vantar fólk sem er 30 - 50 ára í samfélagið og þ.a.l. límið í félagsstarfið.

Kannske þarf samvinnan milli félaganna að vera meiri sérstaklega þegar kemur að þjálfaramálum.

Eitthvað gæti einfaldað stjórnkerfi haft að segja.

Ungt fólk þarf að virkja betur.

Svo þarf að fá sexý námskeið í haust.

## **7. Önnur mál.**

\* Enn á ný er slátturinn á Varmalandi einkennilegur og þar þarf að finna lausn á

hver eru skilin milli Borgarbyggðar og UMSB.

\* Agnes gengur líka eftir fótoltamörkunum sem þeim var lofað eftir Unglingamótið sl. sumar. Þau ku vera á vellinum í Borgarnesi.

\* Athugasemdir voru gerðar við að heilsueflandi sveitarfélag skuli stefna að því að hafa sundlaugina á Kleppjárnsreykjum opna rétt yfir blá daginn kl 13.- 18. Þegar flestir eru í vinnu.

\* Velt var upp hugmynd um að formannafundurinn í haust yrði ekki í miðjum réttum eða í sept.

\* Spurning um að vorfundurinn verði í apríl en ekki í maí - júní.

Fleira ekki rætt sem fært var til bókar.

Fundargerð ritaði Kristín Gunnarsdóttir.

# Mættir á formannafund í félagsheimilinu í Brautartungu 6. júní 2017

Guðrún Þórðardóttir varasambandsstj UMSB og  
fulltr. Dansípróttaf. Borgarfjarðar.

Anna B. Garðarsdóttir - Sunddeild Skallagríms

Heiður Hörn - Sunddeild Skallagríms.

Íris Þórlaug Ármannsdóttir - Hestamannafél Faxe.

Sigurður Guðmundsson - Umf. Íslendingi.

Agnes Guðmundsdóttir - Umf Stafholtstungna .

Sigríður Sjöfn Helgadóttir - Frjálsípróttafélagi Borgarfjarðar.

Magnús Örn Hreiðarsson - Motosportfél Borgarfjarðar.

Þorvaldur Ingi Árnason - Umf. Dagrenningu.

Sigríður Bjarnadóttir - Badmintondeild Skallagríms.

Ómar Örn - Körfuknattleiksdeild Skallagríms.

Jóhanna S. Guðmundsdóttir - Umf Reykdæla.

Sjöfn Guðlaug Vilhjálmsdóttir - Umf. Reykdæla.

Ingi Árnason - Golfklúbbi Borgarness.

Sigurjón Helgason - Umf. Björn Hítðælakappa.

Stefán I Ólafsson - Skotfélagi Vesturlands.

Þórður Sigurðsson - Skotfélagi Vesturlands.

Sigurður Areliusson - Umf. Egill Skallagrímsson.

Reynir Magnússon - Hestamannafél. Skugga.

Anna Dís Þórarinsdóttir stjórn UMSB.

Kristín Gunnarsdóttir ritari UMSB.

Sólrún Halla Bjarnadóttir sambandsstjóri UMSB.

Pálmi Blængsson framkvæmdastjóri UMSB.

## Fylgiskjal 1 með fundargerð formannafundar frá 6.júní 2017

### Reglugerð um íþróttamann Borgarfjarðar

Í grein 6.3. í samstarfsamningi UMSB og Borgarbyggðar er kveðið á um að UMSB sjái um sameiginlegt kjör á íþróttamanni Borgarfjarðar. Reglugerð þessi gildir um kjörið og er gerð í samræmi við ákvæði í samningnum.

#### 1. grein

Sambandsstjóri UMSB ber ábyrgð á kjöri íþróttamanns Borgarfjarðar.

#### 2. grein

Í fyrri hluta janúar ár hvert **Sem fyrst eftir áramót** skal kjósa íþróttamann Borgarfjarðar. Kjörgengi hafa allir íþróttamenn sem náð hafa 14 ára aldri og hafa stundað íþrótt sína með aðildarfélagi UMSB eða átt lögheimili í sveitarfélagi sem er aðili að samstarfsamningi UMSB og sveitarfélaganna á starfssvæði UMSB um kjör íþróttamanns ársins **á sambandsvæði UMSB** á því ári sem kjörið nær til.

#### 3. grein

Hverju aðildarfélagi og hverri íþróttadeild er skylt fyrir 2.janúar ár hvert að tilnefna 1 einstakling eða þar til gerðum eyðublöðum um árangur á árinu skal senda til þjónustumiðstöðvar UMSB. Stjórn UMSB og sveitastjórnir geta hver um sig ákveðið að tilnefna allt að 3 einstaklinga til viðbótar við þá er aðildafélög og deildir tilnefna bæði að eigin frumkvæði og eftir ábendingum frá almenningi. Auglýst skal sérstaklega eftir tilnefningum almennings. Tilnefningar ásamt greinargerðum skulu sendar rafrænt til þeirra er atkvæðisrétt hafa.

#### 4. grein

Þeir sem hafa atkvæðarétt í kjörinu eru:

- a. Stjórnarfolk í UMSB hefur eitt atkvæði hvert, stjórnir aðildarfélaga og stjórnir deilda þeirra eitt atkvæði hver stjórn.
- b. Sérstök þriggja manna valnefnd sem skipuð er með eftirfarandi hætti, einn tilnefndur á sambandsþingi UMSB, einn tilnefndur af Borgarbyggð og einn af stjórn UMSB. Fulltrúar UMSB skulu ekki eiga sæti í stjórn sambandsins. Atkvæði greidd samkvæmt lið a gilda 50% á móti atkvæðum greiddum samkvæmt lið b.

#### 5. grein

Atkvæði greiðast þannig að sá sem lendir í fyrsta sæti fær 10 stig, sá sem lendir í öðru sæti fær 9 stig, sá sem lendir í þriðja sæti fær 8 stig og svo framvegis. Sá íþróttamaður sem fær

flest atkvæði samanlagt frá þeim sem greiða atkvæði samkvæmt lið a hlýtur 10, sá sem fær næstflest fær 9 stig o.s.fv..

Sá íþróttamaður sem valinn er í fyrsta sæti samkvæmt lið b hlýtur 10 stig, sá næsti hlýtur 9 stig o.s.fv.

Leggja skal saman stigafjölda íþróttamanna samkvæmt lið a og b og sá íþróttamaður sem flest atkvæði fær samanlagt skal útnefnast íþróttamaður Borgarfjarðar. Standi tveir íþróttamenn upp með jafn mörg atkvæði skal val samkvæmt lið a ráða úrslitum. Sá íþróttamaður sem flest stig fær samkvæmt þessari aðferð hlýtur sæmdarheitið “Íþróttamaður Borgarfjarðar”.

## **6. grein**

Íþróttamaður Borgarfjarðar fær afhentan farandbikar til varðveislu í eitt ár. Letra skal á bikarinn nafn þess sem hann hlýtur og ártal. Bikarinn vinnst aldrei til eignar en þegar hann hefur verið afhentur í 10 ár skal hann tekinn úr umferð og skal eftir það geymdur í bikarsafni UMSB. Auk farandbikarsins skal Íþróttamaður Borgarfjarðar fá afhentan eignabikar og skal letra á hann nafn þess sem hann hlýtur og ártal.

## **7. grein**

Fimm fyrstu í kjöri íþróttamanns Borgarfjarðar fá afhenta gripi til eignar til minningar um kjör sitt. Í áletrun skal koma fram röð þeirra í kjörinu og ártal. Aðrir sem tilnefndir eru skulu fá sérstaka viðurkenningu því til staðfestingar. Þegar kjöri íþróttamanns Borgarfjarðar er lýst skal skýra frá nöfnum og stigafjölda fimm stigahæstu einstaklinganna og nöfnum allra annarra sem stig hljóta í kosningunni í stafrófsröð en án stigafjölda

## **8. grein**

~~Við sama tækifæri og kjöri íþróttamanns Borgarfjarðar er lýst skal veita öllu íþróttafólki, innan aðildarfélaga UMSB eða íþróttafólki með lögheimili í sveitarfélagi sem er aðili að samstarfssamningi UMSB og sveitarfélaganna á starfssvæði UMSB um kjör íþróttamanns ársins, sem valið hefur verið í landslið á árinu viðurkenningu.~~

## **9 8. grein**

Viðurkenningarnar skulu afhentar sem fyrst eftir áramót í samvinnu UMSB og Borgarbyggðar.

***Drög að breytingum á reglugerðinni vegna umræðu á formannafundi 6.júní 2017.***

***Yfirstrikað fer út og það sem er feitletrað kemur inn í staðinn í reglugerðina.***

## Fylgiskjal 2 með fundargerð formannafundar frá 6.júní 2017

### Reglugerð um afreksmannasjóð UMSB

1.gr.

Sjóðurinn heitir Afreksmannasjóður UMSB, stofnaður á 86. Sambandsþingi UMSB 13. mars 2008

2.gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja afreksfólk, einstaklinga eða hópa innan UMSB sem náð hafa framúrskarandi árangri í íþrótt sinni.

3.gr.

Eingöngu félagar innan aðildarféлага UMSB sem hafa jafnframt keppt fyrir sitt aðildarfélag á árinu, **eða íbúar með lögheimili í sveitarfélagi á sambandssvæði UMSB** geta hlotið styrk úr sjóðunum.

4.gr.

Stjórn sjóðsins annast úthlutun úr sjóðnum. Stjórnin er skipuð þremur einstaklingum með þekkingu á íþróttum. Stjórnin skal kosin á sambandsþingi UMSB til tveggja ára. Einnig skal kjósa einn varamann til tveggja ára. Stjórn er heimilt að kalla til varmann ef stjórnarmaður verður vanhæfur vegna persónulegra tengsla við mál. Skal þá viðkomandi stjórnarmaður víkja sæti og varamaður taka sæti í hans stað.

5.gr.

Vörslu sjóðsins og reikningshald annast gjaldkeri UMSB. Skoðunarmenn UMSB eru jafnframt skoðunarmenn reikninga sjóðsins.

6.gr.

Tekjur sjóðsins eru:

- Ákveðið hlutfall af óskiptum lottótekjum UMSB, samkvæmt reglugerð þar um.
- Frjáls framlög og söfnunarfé.
- Framlög sveitarféлага á starfssvæði UMSB
- Framlag UMSB
- Tekjur af ávöxtun sjóðsins.

7.gr.

Styrkveitingar:

a.Veita má styrk úr sjóðnum vegna þátttöku á eftirtöldum alþjóðamótum:

- Ólympíuleikum
- Heimsmeistaramótum
- Evrópumeistaramótum
- Norðurlandameistaramótum
- Smáþjóðaleikum

- Öðrum mótum sem sérsambönd viðurkenna sem alþjóðleg mót

b. Heimilt er að veita styrk úr sjóðnum ef viðkomandi hefur verið valinn í landslið.

c. Heimilt er að veita styrk til einstaklinga sem standa framarlega í sinni íþróttagrein samkvæmt styrkleikaflokkun sérsambanda.

8.gr.

Styrkupp hæðir taka mið af fjármagnsgetu sjóðsins hverju sinni. Úthlutanir skulu þó ekki fara yfir 75% af tekjum hvers árs.

9.gr.

Úthlutun úr sjóðnum fer fram í mars ár hvert. Umsóknir þurfa að berast fyrir 1 mars. undirritaðar af formanni viðkomandi aðildarfélags. Með umsókn skal fylgja greinargerð frá keppanda um helstu afrek og hvernig fyrirhugað er að nýta styrkinn. Heimilt er að úthluta úr sjóðnum á öðrum tíma en að framan greinir ef sérstaklega stendur á.

10.gr.

Reglugerð þessi er samþykkt á sambandsþingi UMSB í félagsheimilinu Fannahlíð 12. mars 2016 og öðlast þegar gildi. Með samþykkt þessari fellur úr gildi eldri reglugerð um afreksmannasjóð UMSB frá 2008.

Greinargerð með reglugerð.

Haustið 2015 var skipaður þriggja manna vinnuhópur til að endurskoða reglugerð um afreksmannasjóð UMSB. Hópurinn tók til starfa í nóvember 2015 og starfaði fram í febrúar 2016. Á þessum tíma hélt hópurinn alls fjóra fundi. Tillaga að nýrri reglugerð byggir að stórum hluta á eldri reglugerð, en á henni hafa verið gerðar orðalagsbreytingar auk þess sem hún hefur verið aðlöguð þeim breytingum sem orðið hafa á starfsemi UMSB.

Vinnuhópurinn beinir eftirfarandi tilmælum til stjórnar UMSB um vinnulag við umsýslu sjóðsins:

- Mjög mikilvægt er að þeir sem kosnir eru í stjórn sjóðsins hafi þekkingu á íþróttum. Æskilegt er að bæði konur og karlar séu í stjórn sjóðsins.
- Stjórn skal alla jafna afla sér upplýsinga hjá sérsambandi viðkomandi umsækjanda til að meta hver árangur hans er.
- Ekki er nauðsynlegt að úthluta öllum sjóðnum á hverju ári en þá er ætlast til að það sem eftir situr geti komi til úthlutunar næsta ár.

Sjóðurinn er afrekssjóður og því ekki hugsaður sem ferðasjóður þar sem UMSB úthlutar ferðastyrkjum á annan hátt.

**Drög að breytingum á reglugerðinni vegna umræðu á formannafundi 6.júní 2017.  
Það sem er feitletrað kemur nýtt inn í reglugerðina.**





**UNGMENNASAMBAND BORGARFJARÐAR**  
**STOFNAÐ 26 APRÍL 1912**

Borgarnesi 7.6.2017

Borgarbyggð b.t. sveitarstjórnar

Borgarbraut 14

310 Borgarnesi

Þann 6.júní sl. var formannafundur Ungmennasambands Borgarfjarðar haldinn í félagsheimilinu Brautartungu þar sem forsvarsmenn aðildarfélaganna UMSB hittust og ræddu ýmis mál UMSB og aðildarfélaganna. Eftir kynningu frá Skotfélagi Vesturlands á félaginu og stöðu umsóknar þeirra til Borgarbyggðar um land til uppbyggingar íþróttamannvirkja voru miklar umræður um umsóknir bæði Skotfélags Vesturlands og Mótorsportfélags Borgarfjarðar um landssvæði í Borgarbyggð. Fundarmenn voru almennt undrandi á því langa ferli sem umsóknir félaganna hafa fengið innan stjórnkerfis Borgarbyggðar og lýstu þeir yfir samstöðu með félögum og eftirfarandi ályktun var samin og samþykkt;

**Formannafundur Ungmennasambands Borgarfjarðar hvetur sveitarstjórn Borgarbyggðar eindregið til þess að taka nú þegar afstöðu til umsókna Skotfélags Vesturlands og Mótorsportfélags Borgarfjarðar um landssvæði til uppbyggingar íþróttasvæða fyrir starfsemi sína. Félagsmenn þessara tveggja íþróttafélaga eru nú um 250 talsins og telur stjórn UMSB og stjórnir aðildarfélaganna þess löngu tímabært að afgreiða umsóknir félaganna og taka til þeirra málefnalega afstöðu.**

Ályktun þessari er hér með komið á framfæri.

f.h. Ungmennasambands Borgarfjarðar

---

Pálmi Blængsson  
Framkvæmdastjóri